

gjalda fyrir opinberar þjónustubyggingar, svo sem verslanir og iðnfyrirtæki skal fara eftir mati á umfangi sorphreinsunar frá þessum stöðum. Mat þetta annast sveitarstjórn. Upphæð gjalds samkvæmt grein þessari skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.

10. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til skrifstofu Mýrdalshrepps.

11. gr.

Brjótí húseigandi gegn ákvæðum samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu hreinsunarmenn tilkynna það skrifstofu Mýrdalshrepps. Skulu heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd hlutast til um að húseiganda verði gert að ráða bót á slíku innan tiltekins frests og geta sorphreinsunarmenn neitað að taka sorp hjá viðkomandi fyrir en úr hefur verið bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

12. gr.

Með broti gegn samþykkt þessari skal farið í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

13. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Mýrdalshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi við birtingu.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Húseigendur í Mýrdalshreppi skulu útvega sér ílát fyrir sorppoka sem allra fyrst, í samræmi við 2. gr. og eigi síðar en 15. júní 1989.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

Ingimar Sigurðsson.

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphreinsun í Mýrdalshreppi fyrir árið 1989.**

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Mýrdalshreppi fyrir árið 1989 skal vera kr. 5 850 sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun í Mýrdalshreppi frá 9. mars 1989. Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá hreppsnefndar Mýrdalshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

Ingimar Sigurðsson.